

390. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. apríl 2018 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Gunnhildur Björk Elíasdóttir aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir áheyrnarfulltrúi og Sif Huld Albertsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamála: Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda, Kristín Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara og Sveinbjörn Magnason, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gert var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Beiðni um stuðning við afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði skólaárið 2018-2019 - 2018040003

Lagt fram bréf skólameistara Menntaskólans á Ísafirði dagsett 26. mars 2018, þar sem óskað er eftir stuðningi við afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði skólaárið 2018-2019.

Fræðslunefnd tekur jákvætt í erindið og felur starfsmönnum sviðsins að afla frekari gagna.

3. Reglur um skólaakstur í grunnskólum - 2018020058

Kynnt drög að reglum um skólaakstur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Fræðslunefnd felur starfsmönnum sviðsins að hafa samband við Samband íslenskra sveitafélaga og fá umsögn um hvort að sveitafélaginu sé skylt að setja reglur um skólaakstur.

4. Samræmd könnunarpróf. - 2018040004

Umræða um stöðu samræmdra könnunarprófa.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar lýsir yfir áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin varðandi framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa og telur mikilvægt að

endurskoða alla þætti ferlisins. Nefndin telur mikilvægt að samræmd próf endurspegli hæfniviðmið aðalnámsskrár og þjóni þeim tilgangi að vera leiðsagnarmat. Uppbygging, framkvæmd og úrvinnsla prófa ætti að taka mið af hagsmunum nemenda og skóla. Fræðslunefnd er hlynnt einhvers konar samræmdum mælingum og telur að sú staða sem komin er upp gefi færi á að ræða hvort og þá hvernig samræmdar mælingar og námsmat sé framkvæmt.

5. Ráðning skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla á Flateyri 2018 - 2018020068

Kynnt minnisblað frá Baldri Inga Jónassyni mannauðsstjóra, er varðar ráðningu skólastjóra við sameiginlegan leik- og grunnskóla á Flateyri.

Fræðslunefnd þakkar fyrir upplýsingarnar og gerir ekki athugasemd við málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:05

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Jónas Þór Birgisson

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir